# FIRMATILKYNNINGAR

271

Samkvæmt lögum nr. 42 13. nóvember 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið birtar í Lögbirtingablaðinu 1943.

## I. Reykjavík.

1. Ég undirritaður rek iðnað hér í bænum, undir firmanafninu: Skermagerðin Iðja og smásöluverzlun í sambandi við það. Fyrirtækið rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð, og rita ég firmað þannig:

Skermagerðin Iðja
Jóh. G. Helgason.
Reykjavík, 27. nóv. 1942.
Jóhannes Gunnar Helgason,
Eiríksgötu 25, Rvík.

2. Ég undirrituð, Sigrún Dürr, Bergstaðastræti 69, rek smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Verzlunin Tröllafoss. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Tröllafoss
Sigrún Dürr.
Reykjavík, 20. nóv. 1942.
Sigrún Dürr.

3. Pappírs- og ritfangaverzlunin Penninn rekur útibú á Laugavegi 68, hér í bænum. Firmað rita ég undirritaður þannig:

Penninn, útibú
Baldvin Pálsson.
Reykjavík, 8. des. 1942.
Baldvin Pálsson,
Reynimel 47, Rvík.

4. Við undirritaðir eigendur húseignarinnar Túngötu 6, tilkynnum hér með, að við rekum húseignina undir firmanafninu Túngata 6, og berum við fulla ábyrgð á skuldbindingum firmans. Firmað ritum við báðir sameiginlega, þannig:

Túngata 6
Hans R. Þórðarson. Ólafur Jónsson.
Reykjavík, 16. des. 1942.
Hans R. Þórðarson, Ólafur Jónsson,
Hringbraut 73. Bárugötu 6.

5. Ég undirritaður óska þess hér með, að firmanafn mitt, Barónsbúð, verði afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur, þar sem ég rek ekki verzlun lengur undir því nafni.

Reykjavík, 31. okt. 1942.
Cæsar Mar.

271 6. Við undirritaðir, Axel Magnússon, Vesturgötu 17 A, Rvík, og Karl Guðmundsson, Öldugötu 4, Rvík, rekum, frá og með 1. nóvember 1942, smásöluverzlun á Hverfisgötu 98, undir nafninu Barónsbúð. Fyrirtækið rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð. Hvor okkar fyrir sig hefur rétt til að rita firmað, og ritum við það þannig:

Barónsbúð
Axel Magnússon.
Barónsbúð
Karl Guðmundsson.
Reykjavík, 17. des. 1942.
Axel Magnússon. Karl Guðmundsson.

7. Á fundi hlutafélagsins Árnason, Pálsson & Co., Reykjavík, 7. þ. m., var ákveðið að hækka hlutafé félagsins úr kr. 50000.00 upp í kr. 1000000.00 — eitt hundrað þúsund krónur. — Var allt hlutafé þetta þegar innborgað.

Á sama fundi var ákveðið að veita Bjarna Pálssyni, vélfr., Hringbraut 134, prókúruumboð fyrir félagið. Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Árnason, Pálsson & Co. h/f
Bjarni Pálsson.
Reykjavík, 20. nóv. 1942.
Í stjórn Árnasonar, Pálssonar & Co. h/f
Ásta Jónasdóttir. Sigurður Ólason. Trausti Árnason.

8. Á aðalfundi Prentsmiðjunnar Eddu h/f, 11. apríl 1942, gengu úr stjórn félagsins þeir Sigurður Jónasson, forstjóri, Tjarnargötu 42, Reykjavík, Magnús Torfason, fyrrv. sýslum., Amtmannsstíg 4, Reykjavík, og Eggert P. Briem, forstjóri, Fjölnisvegi 10, Reykjavík. Í þeirra stað voru kosnir í stjórnina: Guðbrandur Magnússon, forstjóri, Ásvallagötu 52, Reykjavík, Vilhjálmur Þór, bankastjóri, Hólavallagötu 13, Reykjavík, og Eysteinn Jónsson, viðskiptamálaráðherra, Ásvallagötu 67, Reykjavík.

Reykjavík, 15. desember 1942.
Stjórn Prentsmiðjunnar Eddu h/f
Sigurður Kristinsson. Guðbrandur Magnússon. Hermann Jónasson.
Eysteinn Jónsson. Vilhjálmur Þór.

9. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að frá 1. janúar 1943 að telja, hefir Eysteini Jónssyni, alþingismanni, Reykjavík, verið veitt prókúruumboð fyrir Prentsmiðjuna Eddu h/f. Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð það, sem Eggert P. Briem hefur haft fyrir félagið.

Hinn nýi prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Prentsmiðjan Edda h/f
Eysteinn Jónsson.
Reykjavík, 2. janúar 1943.
Stjórn Prentsmiðjunnar Eddu h/f
S. Kristinsson. Vilhjálmur Þór. Hermann Jónasson.
Guðbrandur Magnússon. Eysteinn Jónsson.

10. Hér með tilkynnist, að Trausti Árnason hefur, samkvæmt eigin ósk, látið af hendi prókúruréttindi þau, sem hann hefur undanfarið haft fyrir hlutafélagð Árnason, Pálsson & Co. Hefur Bjarni Pálsson einn prókúru fyrir téð firma frá deginum í dag að telja. 271

Reykjavík, 15. janúar 1943.
Í stjórn Árnason, Pálsson & Co. h/f
Ásta Jónasdóttir. Trausti Árnason. Sigurður Ólason.

11. Fiskimjölsverksmiðjan Kverna h.f. í Reykjavík, sem fyrir löngu er hætt allri starfsemi, hefur verið leyst upp og óskast afmáð úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur. Allar skuldir firmans hafa verið greiddar að fullu.

Í stjórn h/f Kverna
Lárus Fjeldsted. Th. B. Líndal. E. Rokstad.

12. Á aðalfundi h/f Korkiðjunnar, 13. des. 1942, gekk úr varastjórn félagsins netagerðarmaður Pétur Njarðvík, Ísafirði. Í hans stað var kosinn Hafsteinn Bergþórsson, útgerðarm., Marargötu 6, Rvík. Varaformaður var kosinn Óskar Norðmann.

Reykjavík, 25. janúar 1943.
Björn Guðmundsson. St. A. Pálsson. Hafsteinn Bergþórsson.

13. Á hluthafafundi í Vélsmiðjunni Jötni h.f., Rvík, í dag, var samþykkt að auka hlutafé félagsins úr kr. 250000.00 í kr. 450000.00 — fjögur hundruð og fimmtíu þúsundir króna. Hlutaféð er allt innborgað.

Reykjavík, 27. jan. 1943.
Í stjórn Vélsmiðjunnar Jötuns h.f.
G. Guðjónsson. Gísli Halldórsson. Jóhann Þorláksson.

14. Það tilkynnist hér með, að þeir Níels Kristmannsson og Ólafur B. Björnsson, báðir búsettir á Akranesi, hafa gengið úr hlutafélaginu Ingólfshvoli í Rvík og er Ólafur B. Björnsson því ekki lengur í stjórn þess. Á lögmæltum fundi félagsins, sem haldinn var 18. þ. m., var Páll Sæmundsson, verzlunarstjóri, Hafnarfirði, kosinn í stjórn félagsins til næsta aðalfundar, í stað Ólafs B. Björnssonar, og er því stjórnin nú skipuð þannig: Gísli Jónsson, formaður. Meðstjórnendur: Páll Sæmundsson og Baldvin Jónsson.

Reykjavík, 25. jan. 1943.
Gísli Jónsson. Páll Sæmundsson. Baldvin Jónsson.

15. Á aðalfundi h.f. Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar, Rvík, hinn 18. sept. 1942, var frkvstj. Jón Árnason, Laufásvegi 71, Rvík, kosinn í varastjórn í stað hrl. Lárusar Fjeldsted, Rvík.

Reykjavík, 1. febrúar 1943.
H.f. Ölgerðin Egill Skallagrímsson
Tómas Tómasson. Garðar Þorsteinsson. Kristinn Sigurðsson.

271 Það tilkynnist enn fremur, að vér höfum veitt Þorsteini Þorkelssyni, Sólvallagötu 2, Rvík, prókúruumboð fyrir h.f. Ölgerðina Egil Skallagrímsson, Reykjavík, og ritar hann firmað þannig:

p. p. H.f. Ölgerðin Egill Skallagrimsson.
Þorst. Þorkelsson.
Reykjavík, 1. febrúar 1943.
H.f. Ölgerðin Egill Skallagrímsson
Tómas Tómasson. Garðar Þorsteinsson. Kristinn Sigurðsson.

16. Samkvæmt ályktun hluthafafundar, 27. des. s.l., og stjórnarfundar, 30. s. m., hefur hlutafé Olíuverzlunar Íslands h/f verið hækkað úr 100 þúsundum króna í 300 þúsundir kr. Hlutafjáraukningin öll var innborguð 31. desember 1942.

Reykjavík, 25. janúar 1943.
Olíuverzlun Íslands h/f
Héðinn Valdimarsson. A. Kristinsson. Ólafur H. Jónsson.
Hjalti Jónsson. G. Kr. Guðmundsson.

17. Við undirrituð, Björgvin Kr. Grímsson, Frakkastíg 26 A, og Guðrún Guðbjartsdóttir, Bragagötu 36, rekum saumavinnustofu hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu: Fatagerðin. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

Fatagerðin
Björgvin Kr. Grímsson. Guðrún Guðbjartsdóttir.

Prókúruumboð hefur Björgvin Kr. Grímsson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Fatagerðin
Björgvin Grímsson.
Reykjavík, 9. janúar 1943.
Björgvin Kr. Grímsson. Guðrún Guðbjartsdóttir.

18. Við undirritaðir bræður, Kristján og Sigmar Guðmundssynir, báðir til heimilis á Grundarstíg 5, rekum skógerð hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu: Skógerð Kristjáns Guðmundssonar & Co. Firmað ritum við hvor fyrir sig, þannig:

Skógerð Kristjáns Guðmundssonar & Co.
Kristján Guðmundsson.
Skógerð Kristjáns Guðmundssonar & Co.
Sigmar Guðmundsson.
Reykjavík, 11. janúar 1943.
Kristján Guðmundsson. Sigmar Guðmundsson.

19. Hér með afturkallast prókúruumboð það, sem Hafsteinn Björnsson, Bergstaðastræti 20, hefur haft fyrir Gildaskálann, Aðalstræti 9.

Reykjavík, 6. janúar 1943.
Ragnar Þórðarson.

20. Ólafur Georgsson er genginn úr firmanu Marinó & Georgsson, og eru allar skuldbindingar firmans, sem stofnað er til hér eftir, honum óviðkomandi. Er Marinó Jónsson því einkaeigandi þess frá deginum í dag að telja.

Reykjavík, 24. desember 1942.
Ól. Georgsson. Marinó Jónsson.

21. Ég undirritaður hef hinn 11. febrúar 1942 selt stórkaupm. Guðm. H. Þórðarsyni, f. h. Brynjólfs Einarssonar, verzlm., Grundarstíg 11, verzlunina Perlubúðina, Vesturg. 39, og er hún mér óviðkomandi frá þeim tíma. 271

Reykjavík, 29. desember 1942.
Hörður Gunnarsson.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég undirritaður keypt verzlunina Perlubúðina, Vesturgötu 39, hinn 11. febrúar 1941, og eru mér óviðkomandi skuldbindingar hennar fyrir þann tíma, aðrar en þær, sem um er getið í kaupsamningnum.

Reykjavík, 29. desember 1942.
Brynjólfur Einarsson.

22. Við undirritaðir, sem höfum undanfarið ár rekið verzlunina Skóbúð Reykjavíkur í félagi, tilkynnum hér með, að Tómas Ólason hefur gengið úr firmanu frá 1. okt. s.l. að telja, og er Óli J. Ólason einkaeigandi þess frá þeim tíma.

Reykjavík, 4. nóvember 1942.
Tómas Ólason. Óli J. Ólason.

23. Erfingjar Jóns kaupm. Lárussonar, Ingólfsstr. 12, Rvík, hafa selt Lárusi G. Jónssyni, frkvstj., Leifsgötu 22 í Reykjavík, eignarhluta sinn í firmanu Lárus G. Lúðvígsson, Rvík, og eru skuldbindingar firmans erfingjunum óviðkomandi frá birtingu þessarar tillkynningar að telja.

Reykjavík, 26. janúar 1943.
Gunnlaugur Jónsson. Málfríður Jónsdóttir. Sigurður Jónsson.
Ragnheiður M. Jónsdóttir.

Samkvæmt framanrituðu hefur Lárus G. Jónsson keypt eignarhluta erfingja Jóns Lárussonar í firmanu Lárus G. Lúðvígsson, Rvík, og rekur það framvegis, ásamt meðeigendum sínum, með ótakmarkaðri ábyrgð. Hefur hann heimild til að skuldbinda firmað og ritar það þannig:

Pr. Lárus G. Lúðvígsson
Lárus G. Jónsson.

Óskar Lárusson, framkvstj., Fjólugötu 3, Rvík, ritar firmað þannig:

Pr. Lárus G. Lúðvígsson
Óskar Lárusson.

Aðrir hafa ekki heimild til að skuldbinda firmað.

Reykjavík, 26. janúar 1943.
F. h. db. Lúðvígs Lárussonar
Lárus G. Jónsson. Inga Lárusson. Óskar Lárusson.

24. Það tilkynnist hér með, að Óskar Einarsson, læknir, Laugavegi 40 A, hefur prókúru fyrir Lyfjabúðina Iðunni, Rvík, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Lyfjabúðin Iðunn
Óskar Einarsson.

Reykjavík, 4. febrúar 1943.
Jóhanna Magnúsdóttir.

271 25. Við undirritaðir, Guðmundur Gíslason, húsgagnasm., Smiðjustíg 11, Karl Maack, húsgagnasm., Ránargötu 30, og Sigurgeir Gíslason, húsgagnasm., Smiðjustíg 11, Rvík, rekum húsagagnasmíðaverkstæði hér í bæ, undir firmanafninu: Húsgögn Co. Við berum allir persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins gagnvart þriðja manni. Prókúruumboð hefur Karl Maack, Ránarg. 30. Firmað rita einhverjir tveir okkar sameiginlega, þannig:

Húsgögn Co.
Karl Maack. Sigurgeir Gíslason.
Húsgögn Co.
Karl Maack. Guðmundur Gíslason.
Húsgögn Co.
Sigurgeir Gíslason. Guðmundur Gíslason.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Húsgögn Co.
Karl Maack.
Reykjavík, 29. janúar 1943.
Karl Maack. Sigurgeir Gíslason. Guðmundur Gíslason.

26. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Rvík, gefur hér með Guðmundi Albertssyni, skrifstofustjóra, Seljavegi 5, Rvík, prókúruumboð fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og hefur hann öll réttindi prókúruhafa samkv. lögum nr. 42, 13. nóv. 1903. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna
G. Albertsson.
Reykjavík, 18. janúar 1943.
Elías Þorsteinsson. J. Fr. Guðmundsson. Ólafur Þórðarson.

27. Ég undirritaður, Kjartan Ólafsson, Þórsgötu 8, Rvík, rek umboðs- og heildverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu: Heildverzlunin Kjartan Ólafsson. Firmað rita ég þannig:

Heildverzlunin Kjartan Ólafsson
Kjartan Ólafsson.
Reykjavík, 26. janúar 1943.
Kjartan Ólafsson.

28. Við undirrituð, Karen M. Arnar, Mímisvegi 8, Rvík, og Otto B. Arnar, s. st., rekum fyrirtæki hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, til viðgerða á kvensokkum, undir nafninu: Sokkaviðgerðin. Hvort okkar fyrir sig ritar firmað þannig:

Sokkaviðgerðin
Karen M. Arnar.
Sokkaviðgerðin
O. B. Arnar.
Reykjavík, 21. janúar 1943.
O. B. Arnar. Karen M. Arnar.

29. Ég undirritaður, Guðmundur Kristjánsson, Skólavörðustíg 20 A, hér í bænum, rek skipamiðlunarskrifstofu í eigin nafni og með ótakmarkaðri ábyrgð. 271
Firmað rita ég þannig:

G. Kristjánsson.
Reykjavík, 19. janúar 1943.
Guðmundur Kristjánsson.

30. Ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Lækjarbúðin. Firmað rita ég þannig:

Lækjarbúðin
Leifur Guðmundsson.
Reykjavík, 29. janúar 1943.
Leifur Guðmundsson,
Frakkastíg 7, Reykjavík.

31. Ég undirritaður, Einar Ásmundsson, Hverfisgötu 42, Rvík, rek vélsmiðju hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu: Vélsmiðjan Sindri. Firmað rita ég þannig:

Vélsmiðjan Sindri
Einar Ásmundsson.
Reykjavík, 28. janúar 1943.
Einar Ásmundsson.

32. Við undirritaðir, Þorgrímur Friðriksson, Leifsgötu 8, hér í bæ, og Ragnar Jóhannesson, s.st., rekum sameiginlega, með ótakmarkaðri ábyrgð, smásöluverzlun hér í bænum, undir firmanafninu Verzlunin Ingólfur. Firmað ritar hvor okkar fyrir sig, þannig:

Verzlunin Ingólfur
Þorgr. Friðriksson.
Verzlunin Ingólfur
Ragnar Jóhannesson.
Reykjavík, 11. febrúar 1943.
Þorgrímur Friðriksson. Ragnar Jóhannesson.

33. Ég, Guðni E. Kristjánsson, Ljósvallagötu 28, Rvík, rek heildverzlun og umboðssölu undir nafninu Guðni E. Kristjánsson, heildverzlun. Ég einn hef rétt til að rita firmað, og rita það þannig:

Guðni E. Kristjánsson, heildverzlun
Guðni E. Kristjánsson.
Reykjavík, 30. janúar 1943.
Guðni E. Kristjánsson.

34. Hér með tilkynnist, að á síðasta aðalfundi í Pappírspokagerðinni h.f., 18. des. 1942, var Þorkell Clausen kosinn í stjórn félagsins í stað Hannesar Jónssonar dýralæknis.

Þorkell Clausen skrifar nafn sitt:

Þ. Clausen.
Reykjavík, 17. febrúar 1943.
H/f Pappírspokagerðin
Guðbrandur Magnússon. Herluf Clausen. Þ. Clausen.

271 35. Hilmari Foss, fulltrúa, hefur verið veitt prókúruumboð fyrir neðangreint fyrirtæki, frá og með 25. febrúar 1943 að telja, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Friðrik Bertelsen & Co. h.f.
Hilmar Foss.

Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð það, er Helgi Þórarinsson hefur haft fyrir firmað.

Reykjavík, 25. febrúar 1943.
Friðrik Bertelsen & Co., h.f.
Fr. Bertelsen.

36. Við undirritaðir, Böðvar Jónsson, Karlagötu 22, Rvík, og Theodor Jónsson, Gunnarsbraut 30, Rvík, tilkynnum hér með, að við rekum smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Verzlunin Herjólfur. Hvor okkar ritar firmað þannig:

Verzlunin Herjólfur
Theodor Jónsson.
Verzlunin Herjólfur
Böðvar Jónsson.
Reykjavík, 11. febrúar 1943.
Theodor Jónsson. Böðvar Jónsson.

37. Ég undirritaður, Sigfús Bjarnason, framkvæmdastjóri, Stóra-Ási, Seltjarnarnesi, rek smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu: Véla- og raftækjaverzlunin Hekla. Firmað rita ég þannig:

Véla- og raftækjaverzlunin Hekla
Sigfús Bjarnason.
Reykjavík, 22. janúar 1943.
Sigfús Bjarnason.

38. Ég undirrituð, Elín Guðmundsdóttir, hef 17. janúar s.l. selt firma mitt Verzlunina Fjallfoss, Hverfisgötu, þeim Ingveldi Björnsdóttur, Klapparstíg 9, Ingibjörgu Kristjánsdóttur, Njálsgötu 10, og Nönnu Þormóðs, Njálsgötu 102, og eru allar skuldbindingar firmans mér óviðkomandi frá þeim tíma.

Reykjavík, 12. febrúar 1943.
Elín S. Guðmundsdóttir.

Samkvæmt framanrituðu höfum við undirritaðar keypt Verzlunina Fjallfoss, Hverfisgötu 117. En þar eð firmað verður ekki rekið áfram, óskast nafnið útstrikað úr firmaskránni.

Reykjavík, 12. febrúar 1943.
Ingv. Björnsdóttir. Nanna Þormóðs. Ingibjörg Kristjánsdóttir.

39. Ég hef í dag selt Efnalaugina Tý, Týsgötu 1 hér í bæ, þeim Arinbirni Eiríkssyni, Miðtúni 64, og Marinó Helgasyni, Óðinsgötu 22, báðum í Rvík. Eru

því allar skuldbindingar þessa fyrirtækis mér óviðkomandi frá og með deginum í dag að telja. 271

Reykjavík, 1. marz 1943.
Kr. Finnbogason.

Með skírskotun til ofanritaðrar tilkynningar höfum við undirritaðir, Arinbjörn Eiríksson, Miðtúni 64, og Marinó Helgason, Óðinsgötu 22, báðir hér í bæ, keypt Efnalaugina Tý, Týsgötu 1, Rvík. Rekum við fyrirtæki þetta framvegis með ótakmarkaðri ábyrgð. Hvor okkar fyrir sig hefur rétt til að skuldbinda fyrirtækið og gerum við það þannig:

Efnalaugin Týr
Marinó Helgason.
Efnalaugin Týr
Arinbjörn Eiríksson.
Reykjavík, 1. marz 1943.
Marinó Helgason. Arinbjörn Eiríksson.

40. Á aðalfundi h.f. Hrímfaxa, sem haldinn var 2. marz 1941, var lögum félagsins breytt á þá leið, að stjórn félagsins skal skipuð 5 hluthöfum, en engum varastjórnendum, og að stjórnarfundur sé löglegur, ef 3 stjórnarmeðlimir mæta á fundi, og undirskrift þriggja stjórnenda þurfi til að skuldbinda félagið. Enn fremur var samþykkt sú breyting á tilgangi félagsins, að við 2. gr. bætist: Svo og kaup og sala alls konar verðbréfa.

Í stjórn félagsins voru kosnir: Garðar Þorsteinsson, hrl., Guðmundur Kristjánsson, skipamiðlari, Aðalsteinn Pálsson, skipstj., Kristján Bergsson, framkvstj., Ingvar Vilhjálmsson, útgm. Endurskoðendur voru kosnir: Pétur M. Bjarnason, kpm., og Hafliði Halldórsson, forstjóri.

Á aðalfundi sama félags, sem haldinn var 19. sept. s.l., var kosin ný stjórn fyrir félagið og skipa hana þessir: Garðar Þorsteinsson, hrl., Vesturgötu 19, Guðmundur Kristjánsson, skipamiðlari, Hólavallag. 5, Aðalsteinn Pálsson, skipstjóri, Hávallag. 3, Friðrik Guðjónsson, útgerðarm., Siglufirði, og Ólafur Jónsson, útgerðarm., Sandgerði.

Reykjavík, 28. janúar 1943.
Í stjórn h/f Hrímfaxa
G. Kristjánsson. Garðar Þorsteinsson. Aðalsteinn Pálsson.
Friðrik Guðjónsson. Ólafur Jónsson.

41. Hér með tilkynnist, að Mörtu Maríu Jóhannsdóttur, Skólavörðustig 7 B, Rvík, hefur í dag verið veitt prókúruumboð fyrir Daníel Ólafsson & Co. h/f og ritar hún firmað þannig:

pr. p. Daníel Ólafsson & Co. h/f
Marta Jóhannsdóttir.
Reykjavík, 1. marz 1943.
Í stjórn Daníels Ólafssonar & Co., h/f
Ágúst Fjeldsted. Daníel Ólafsson.

271 42. Vér leyfum oss hér með að tilkynna, að á aðalfundi h/f Timburverzlunarinnar Skógur, hinn 20. desbr. s.l., gekk Pétur Magnússon, hrl., úr stjórn félagsins, og var í hans stað kosinn Einar B. Guðmundsson, hrl., Marargötu 3.

Reykjavík, 22. janúar 1943.
H.f. Timburverzlunin Skógur
Sv. M. Sveinsson. Jóhann Bárðarson. Einar B. Guðmundsson.

43. Ólafur Guðjónsson, Suðurg. 15, hefur gengið úr Skóverksmiðjunni Þór h.f. Í stað hans hefur Ingólfur Geirdal, Bergstaðastr. 48 A, verið kosinn formaður stjórnarinnar, en varastjórnandi tekur sæti í aðalstjórn til næsta aðalfundar.

Innborgað hlutafé félagsins er nú kr. 24550.00.

Reykjavík, 9. febrúar 1943.
Ingólfur Geirdal, Ægir Ólafsson.
form.

44. Á aðalfundi Sútunarverksmiðjunnar h.f., sem haldinn var 14. marz 1943, gengu úr stjórn félagsins þeir Þórarinn Andrésson, Ólafur S. Guðjónsson, og varastjórnandinn, Ragnar Kristjánsson. Stjórnina skipa nú: Guðmundur Þórðarson, Lokastíg 6, formaður, Ragnar Kristjánsson, Brávallagötu 44, og Ingolf Petersen, Ingólfsstræti 12. Varastjórnandi var kjörinn Erlingur Kristjánsson, Rvík.

Jafnframt tilkynnist, að Ægir Ólafsson, Bókhlöðustíg 7, Reykjavík, hefur hinn 15. þ. m. látið af framkvæmdastj.störfum fyrir Sútunarverksmiðjuna h.f. og afturkallast jafnframt prókúruumboð það, sem hann hefur haft fyrir félagið. Frá sama tíma er ráðinn framkvæmdastjóri félagsins Hafliði Bjarnason, sútari, Njálsgötu 71, og hefur hann jafnframt prókúruumboð fyrir félagið. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Sútunarverksmiðjan h/f
Hafliði Bjarnason.

Reykjavík, 23. marz 1943.
Guðmundur Þórðarson. Ragnar Kristjánsson. Ingolf Petersen.
Erlingur Kristjánsson.

45. Við undirritaðar rekum smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu: Verzlunin Ámundi Árnason. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

Verzlunin Ámundi Árnason
Stefanía Gísladóttir. Guðrún Ámundadóttir. Guðný Ámundadóttir.
Vilborg Ámundadóttir.

Prókúruumboð hefur meðundirrituð Stefanía Gísladóttir, og ritar hún firmað þannig:

pr. pr. Verzlunin Ámundi Árnason
Stefanía Gísladóttir.

Reykjavík, 9. marz 1943.
Stefanía Gísladóttir, Hverfisgötu 39, Rvík. Guðrún Ámundadóttir, s. st.
Guðný Ámundadóttir, s. st. Vilborg Ámundadóttir, Keflavík.

46. Við undirritaðir, Oddur Helgason, Þingholtsstræti 34, Rvík, og Leifur Zakaríasson, Hörpugötu 34, Rvík, rekum útgerðarstarfsemi undir nafninu: Vélskipið Þingey. Fyrirtækið rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð, og ritum við firmað hvor fyrir sig, þannig: 271

Vélskipið Þingey
Oddur Helgason.
Vélskipið Þingey
Leifur Zakaríasson.
Reykjavík, 31. marz 1943.
Oddur Helgason. Leifur Zakaríasson.

47. Anna Guðmundsdóttir, Hverfisg. 119, er ekki lengur meðeigandi að Hannyrðastofunni, Aðalstræti 6, og ber enga ábyrgð á skuldbindingum fyrirtækisins frá síðustu áramótum að telja. Kristrún Jónsdóttir, Grettisg. 55 C rekur verzlunina áfram með ótakmarkaðri ábyrgð og ritar firmað ein.

Reykjavík, 22. marz 1943.
Anna Guðmundsdóttir. Kristrún Jónsdóttir.

48. Sigríður Þorvarðardóttir, Grettisg. 55 C, er ekki lengur meðeigandi í Hárgreiðslustofu Siggu og Dídí, Aðalstræti 6, og ber enga ábyrgð á skuldbindingum fyrirtækisins frá síðustu áramótum að telja.

Jóhanna Þorbjörg Jónsdóttir, Grettisg. 55 C, rekur hárgreiðslustofuna áfram undir sama nafni, með ótakmarkaðri ábyrgð, og ritar hún ein firmað.

Reykjavík, 23. marz 1943.
Sigríður Þorvarðardóttir. Jóhanna Þorbjörg Jónsdóttir.

49. Undirritað firma, J. Þorláksson & Norðmann í Reykjavík, hefur veitt verzlm. Hirti Hjartarsyni, Bjarkargötu 8, hér í bænum, prókúruumboð fyrir firmað, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. J. Þorláksson & Norðmann
Hjörtur Hjartarson.
Reykjavík, 1. apríl 1943.
I. Cl. Þorláksson. Ó. Norðmann.

50. Stórstúka Íslands, I. O. G. T., rekur bókabúð í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Bókabúð Æskunnar. Firmað rita sameiginlega Kristinn Stefánsson, stórtemplar, Leifsgötu 22, og Jóhann Ögmundur Oddsson, stórritari, Skothúsvegi 7, þannig:

Stórstúka Íslands, I. O. G. T.
Bókabúð Æskunnar
Kristinn Stefánsson, Jóh. Ögm. Oddsson,
stórtemplar. stórritari.

Prókúru hefur stórritari Jóhann Ögm. Oddsson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Bókabúð Æskunnar
Jóh. Ögm. Oddsson.
Stórstúka Íslands, I. O. G. T.
Reykjavík, 7. apríl 1943.
Kristinn Stefánsson, Jóh. Ögm. Oddsson,
stórtemplar. stórritari.

271 51. Frá 12. febrúar 1943 gengur Erlingur Þorkelsson, Tjarnargötu 43, Rvík, úr firmanu E. Þorkelsson & Gíslason, og er firmað frá þeim tíma eign Guðmundar Gíslasonar, Hávallagötu 3, Rvík, og rekið á hans kostnað og eigin ábyrgð.

Reykjavík, 12. febrúar 1943.
Guðmundur Gíslason. Erlingur Þorkelsson.

52. Við undirritaðir rekum smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Sjóklæði og fatnaður s/f. Hvor okkar fyrir sig hefur rétt til að rita firmað og ritum við það þannig:

Sjóklæði og fatnaður s/f
Sverrir Sigurðsson.
Sjóklæði og fatnaður s/f
Guðm. Hansson.

Prókúruhafi er Árni Þorsteinsson, Öldugötu 28, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Sjóklæði og fatnaður s/f
Árni Þorsteinsson.
Reykjavík, 16. apríl 1943.
Sverrir Sigurðsson, Guðmundur Hansson,
Hringbr. 208. Kjartansgötu 10.

53. Á aðalfundi Hampiðjunnar h.f., sem haldinn var 20. marz 1943, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn: Formaður: Halldór Gíslason, Sólvallagötu 19. Meðstjórnendur: Lára Jóhannesdóttir, Sólvallagötu 26, og Guðmann Hróbjartsson, Sólvallagötu 24. Varastjórnandi: Bergþór Teitsson, Patreksfirði.

Reykjavík, 22. marz 1943.
Halldór Gíslason. Lára Jóhannesdóttir.
Guðmann Hróbjartsson. Bergþór Teitsson.

54. Á aðalfundi Netastofunnar h/f, sem haldinn var 20. marz 1943, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn: Formaður: Hannes Pálsson, Hringbraut 155, Jón Guðlaugsson, Kjartansgötu 8, og Sigurjón Einarsson, Austurgötu 40, Hafnarfirði. Varastjórnandi: Jóhann Stefánsson, Þórsgötu 21 A.

Reykjavík, 22. marz 1943.
Hannes Pálsson. Jón Guðlaugsson.
Sigurjón Einarsson. Jóh. Stefánsson.

55. Við höfum veitt Frímanni Ólafssyni, forstjóra, Barónsstíg 80, prókúruumboð fyrir félag vort og ritar hann firmað þannig:

p. p. Netastofan h/f
Frím. Ólafsson.
Reykjavík, 23. marz 1943.
Í stjórn Netastofunnar h/f
Hannes Pálsson. Jón Guðlaugsson. Sigurjón Einarsson.

56. Ég undirrituð, Margrét Gunnlaugsson, Laufásvegi 7 í Reykjavík, sem hef fengið leyfi til setu í óskiptu búi eftir manninn minn, Kjartan Gunnlaugsson,

leyfi mér hér með að tilkynna til firmaskrár Reykjavíkur, að ég held áfram rekstri firmans Helgi Magnússon & Co., Reykjavík, sem fullábyrgður meðeigandi í firmanu. 271

Reykjavík, 20. apríl 1943.
Margrét Gunnlaugsson.

57. Það tilkynnist hér með, að við undirrituð höfum veitt þeim Halldóri Kjartanssyni, stórkaupm., Ásvallagötu 77, og Magnúsi Helgasyni, fulltrúa, Bankastræti 7, sameiginlegt prókúruumboð fyrir firmað Helgi Magnússon & Co., og rita þeir firmað þannig:

p. p. Helgi Magnússon & Co.
Halldór Kjartansson. M. Helgason.
Reykjavík, 20. apríl 1943.
Helgi Magnússon. Margrét Gunnlaugsson.

58. Það tilkynnist hér með, að prókúruumboð það, sem Hans A. Hjartarson hefur haft fyrir Klæðaverzlun Andrésar Andréssonar h/f, afturkallast hér með frá 1. þ. m.

Reykjavík, 14. maí 1943.
Klæðaverzlun Andrésar Andréssonar h/f
Andrés Andrésson. Þ. Andrésson.

59. Á aðalfundi hlutafélagsins Elliða, 6. maí 1943, voru eftirforandi menn kosnir í stjórn félagsins: Jón Kjartansson, Garðastr. 39, formaður. Meðstjórnendur: Reinhold Richter, Grettisgötu 42 B, og Björn Jóhannsson, Vatnsstíg 11. Varastjórnandi: Jón Guðlaugsson, Víðimel 60. Björn Jóhannsson var ráðinn framkvæmdastjóri félagsins í stað Jóns Kjartanssonar, og var honum veitt prókúruumboð fyrir félagið. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Elliði h.f.
B. Jóhannsson.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, sem Jón Kjartansson hefur haft fyrir félagið.

Reykjavík, 12. maí 1943.
Reinhold Richter. Jón Kjartansson. B. Jóhannsson.

60. Á aðalfundi Skóverksmiðjunnar Þórs h/f, sem haldinn var 9. þ. m., var kosin ný stjórn fyrir félagið og skipa hana þessir menn: Ingólfur Geirdal, Bergstaðastræti 48 A, formaður. Meðstjórnendur: Már Ríkarðsson, Grundarstíg 15, og Víglundur Möller, Hverfisgötu 47. Varastjórnandi er Ægir Ólafsson, Bókhlöðustíg 7.

Reykjavík, 20. maí 1943.
Stjórn Skóverksmiðjunnar Þórs h/f
Ingólfur Geirdal. Már Ríkarðsson. Víglundur Möller.

61. Meðundirritaður, Þórir J. Jensson, Bræðraborgarstíg 23, er genginn úr firmanu Þ. Þorgrímsson & Co., hér í bænum, og afturkallast hér með prókúru-

271 umboð það, sem hann hefur haft fyrir firmað. Sigurður Þorgrímsson, Unnarstíg 6, er einkaeigandi fyrirtækisins og ritar hann firmað einn. Prókúruumboð hefur Þorgrímur Þorgrímsson, Unnarstíg 6, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Þ. Þorgrímsson & Co.
Þorgrímur Þorgrímsson.
Reykjavík, 19. maí 1943.
Þórir Jensson. Sigurður Þorgrímsson.

62. Ég undirritaður rek bóka- og ritfangaverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Bókaverzlun Lárusar Blöndals. Firmað rita ég einn þannig:

Bókaverzlun Lárusar Blöndals
Lárus Bl. Guðmundsson.
Reykjavík, 24. maí 1943.
Lárus Bl. Guðmundsson,
Vífilsgötu 13, Rvík.

63. Ég undirritaður hef selt ungfrú Þórunni Sigurfinnsdóttur, Hringbraut 153, Rvík, minn hluta í Saumastofunni Díönu, Ingólfsstræti 3, hér í bænum. Ber ég því enga ábyrgð á rekstri firmans framvegis.

Reykjavík, 14. maí 1943.
Kjartan Steingrímsson.

Samkvæmt ofanrituðu erum við undirritaðar einkaeigendur að Saumastofunni Díönu, Ingólfsstræti 3, hér í bænum, og munum við framvegis reka firmað undir sama nafni og á sama grundvelli og áður. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

Saumastofan Díana
Guðlaug Jóhannesdóttir. Þórunn Sigurfinnsdóttir.
Reykjavík, 14. maí 1943.
Guðlaug Jóhannesdóttir, Þórunn Sigurfinnsdóttir,
Hringbraut 153. s. st.

64. Við undirritaðir óskum þess, að nafnið Olíuhreinsunarstöðin verði afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur (A-deild), með því að við höfum breytt því í Olíuhreinsunarstöðin h/f.

Reykjavík, 21. apríl 1943.
Jón Sigurðsson. Cæsar Mar.

65. Við undirritaðir, Davíð Ólafsson, Hverfisgötu 72, og Magnús Davíðsson, s. st., rekum í félagi og með ótakmarkaðri ábyrgð, brauðgerðarhús Davíðs Ólafssonar, Hverfisgötu 72, frá 1. janúar 1942 að telja. Hvor um sig ritar firmað, þannig:

Brauðgerðarhús Davíðs Ólafssonar
Davíð Ólafsson.
Brauðgerðarhús Davíðs Ólafssonar
Magnús Davíðsson.
Reykjavík, 26. maí 1943.
Davíð Ólafsson. Magnús Davíðsson.

66. Ég undirrituð, Ragnhildur Jónsdóttir, Laugavegi 17, hef 2. janúar s.l. gengið úr verzluninni Tízkan, og eru allar skuldbindingar firmans frá þeim tíma mér óviðkomandi. 271

Reykjavík, 1. apríl 1943.
Ragnhildur Jónsdóttir.

Samkvæmt ofanrituðu er ég undirritaður einkaeigandi verzlunarinnar Tízkan frá 2. janúar s.l. að telja og hef ég einn rétt til að rita firmað.

Reykjavík, 1. apríl 1943.
Ólafur Sigurðsson.

67. Frá og með deginum í dag veitist Hannesi Þorsteinssyni, verzlm., Bergstaðastr. 64, prókúruumboð fyrir verzl. Ludvig Storr, Laugavegi 15, Reykjavík, og hefur hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Ludvig Storr
H. Þorsteinsson.

Reykjavík, 15. maí 1943.
Ludvig Storr.

68. Ég hef í fjarveru minni um stundarsakir veitt Hjalta G. Jónathanssyni prókúruumboð fyrir firma mitt, Ferrum, umboðs- & heildverzlun, þar til öðruvísi verður ákveðið. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Ferrum, umboðs- & heildverzlun
Hjalti Jónathansson.

Reykjavík, 9. júní 1943.
Ferrum, umboðs- & heildverzlun
Oddg. Þ. Oddgeirsson.

69. Hér með tilkynnist, að Ingi Magnússon, Bárugötu 15 í Reykjavík, hefur gengið sem fullábyrgur félagi inn í firmað Skipasmíðastöð Reykjavíkur, Reykjavík, frá 1. janúar 1942 að telja. Magnús Guðmundsson, Bárugötu 15, ritar firmað einn og er undirskrift hans þannig:

pr. Skipasmíðastöð Reykjavíkur
Magnús Guðmundsson.

Reykjavík, 26. maí 1943.
Magnús Guðmundsson. Ingi Magnússon.

70. Undirrituð, Guðrún Heiðberg, Tjarnargötu 10 D, Rvík, sem rekið hef saumastofu og verzlun í Austurstræti 14, hér í bæ, undanfarið, tilkynni hér með, að Guðrún Bjarney Hinriksdóttir, s.st., hefur gerzt félagi minn, og rekum við verzlunina og saumastofuna áfram með ótakmarkaðri ábyrgð, en firmanafnið breytist hér eftir þannig, að það verður: Guðrún Heiðberg & Co. Ég, Guðrún Heiðberg, áskil mér rétt til að bæta við fleiri ábyrgum félögum, er ég óska. Undirrituð, Guðrún Heiðberg, hefur ein rétt til að rita firmað, og ritar hún það þannig:

Guðrún Heiðberg & Co.
Guðrún Heiðberg.

Reykjavík, 31. maí 1943.
Guðrún Heiðberg. Guðrún B. Hinriksdóttir.

271 71. Á almennum hluthafafundi, sem haldinn var í hlutafélaginu Ragnar Blöndal, 9. þ. m., var þessi stjórn kosin í félaginu: Ilse Blöndal, frú, Túngötu 51, formaður, Axel Blöndal, Eiríksgötu 31, varaformaður, og Gunnar Hall, Víðimel 64, ritari. Jafnframt var frú Ilse Blöndal veitt prókúruumboð fyrir félagið, og hún ráðin framkvæmdastjóri þess. Stjórnin ritar firmað þannig:

Ragnar Blöndal h/f
Ilse Blöndal. Axel Blöndal.
Ragnar Blöndal h/f
Ilse Blöndal. Gunnar Hall.

Framkvæmdastjórinn ritar firmað þannig sem prókúruhafi:

pr. pr. Ragnar Blöndal h/f
Ilse Blöndal.

Reykjavík, 12. júlí 1943.
Einar B. Guðmundsson,
e. u.

72. Hér með tilkynnist, að stjórn Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis er nú þannig skipuð: Formaður: Felix Guðmundsson, frkvst., Freyjugötu 30; ritari: Th. B. Líndal, hrl., Bergstaðastr. 76; varaformaður: Friðfinnur Guðjónsson, Lvg. 43 B; vararitari: Hjörtur B. Helgason, bifrstj., Melabergi, Miðneshreppi; meðstjórnendur: Kristjón Kristjónsson, ftr., Bjargarst. 2, Ólafur Þ. Kristjánsson, kennari, Tjarnarbraut 11, Hafnarfirði, Sigfús Sigurhjartarson, ritstjóri, Miðstr. 6, Sveinbjörn Guðlaugsson, bifr.stj., Lokastíg 20, og Þorlákur G. Ottesen, verkstjóri, Hringbraut 184. Jafnframt tilkynnist, að Ísleifur Högnason, kaupfélagsstj., Vestmannaeyjum, hefur verið ráðinn forstjóri félagsins, og þeir Árni Benediktsson, Víðimel 30, og Hermann Hermannsson, fulltrúi, Guðrúnargötu 8, framkvæmdastjórar. Er þeim hverjum fyrir sig veitt prókúruumboð fyrir félagið og rita þeir firmað þannig:

pr. pr. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis
Ísleifur Högnason.
pr. pr. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis
Árni Benediktsson.
pr. pr. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis
Herm. Hermannsson.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð Jens Figved og lætur hann jafnframt af framkvæmdastjórn. Einnig lætur Vilmundur Jónsson af framkvæmdastjórn fyrir félagið frá sama tíma.

Reykjavík, 31. maí 1943.
Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis
Felix Guðmundsson. Ólafur Þ. Kristjánsson. Þorlákur G. Ottesen.
Sveinbjörn Guðlaugsson. Friðf. Guðjónsson. Kristjón Kristjónsson.
Sigfús Sigurhjartarson. Th. B. Líndal.

73. Ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Byggingavöruverzlunin. Firmað rita ég þannig:

Byggingavöruverzlunin
Sv. M. Sveinsson.
Reykjavík, 21. maí 1943.
Sveinn M. Sveinsson,
Tjarnargötu 36, Rvík.

74. Samkvæmt ályktun eigenda s/f Stálsmiðjunnar, hlutafélaganna Hamars og Vélsmiðjunnar Héðins á fundi 8. júlí 1943, hafa eignir s/f Stálsmiðjunnar verið afhentar Stálsmiðjunni h/f og Járnsteypunni h/f frá og með 1. júní 1943 að telja. 271

Samkvæmt þessu tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að s/f Stálsmiðjan hætti störfum 1. júní s.l. og óskast félagið afmáð úr firmaskránni.

Reykjavík, 15. júlí 1943.
Vélsmiðjan Héðinn h/f
Markús Ívarsson. S. Kampmann.
H/f Hamar
Geir G. Zoëga. Hjalti Jónsson.

75. Við undirritaðir rekum vélaviðgerðir hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Vélsmiðjan Meitill. Firmað ritum við sameiginlega þannig:

Vélsmiðjan Meitill
Theodór Guðmundsson. Björn Magnússon.
Reykjavík, 28. júlí 1943.
Theodór Guðmundsson, Björn Magnússon,
Ásvallag. 21. Brávallag. 4.

76. Ég undirritaður hef selt þeim Friðriki Vigfússyni, Eiríksgötu 8, og Olgeiri Axelssyni, Grettisgötu 44 A, firma mitt, Gólfdreglagerðina, og reka þeir það framvegis undir sama nafni, en á sína ábyrgð. Allar skuldbindingar, sem þeir kunna að gera í nafni firmans, eru mér því óviðkomandi.

Reykjavík, 12. ágúst 1943.
Gunnar Gunnarsson.

Samkvæmt ofanrituðu höfum við undirritaðir keypt fyrirtækið Gólfdreglagerðina og rekum við það áfram undir sama nafni, og á okkar ábyrgð. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

Gólfdreglagerðin
Friðrik Vigfússon. Olgeir K. Axelsson.

Prókúruumboð fyrir firmað hefur Friðrik Vigfússon og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Gólfdreglagerðin
Friðrik Vigfússon.
Reykjavík, 3. sept. 1943.
Friðrik Vigfússon. Olgeir K. Axelsson.

77. Á aðalfundi í Friðrik Bertelsen & Co. h.f., hinn 1. maí s.l., var Baldvin Jónsson, lögfr., Öldugötu 10, Rvík, kosinn í stjórn félagsins í stað Helga Þórarinssonar.

Reykjavík, 23. júní 1943.
Friðrik Bertelsen & Co. h.f.
Fr. Bertelsen. Baldvin Jónsson.

78. Á aðalfundi í h/f Týli, Reykjavík, hinn 25. ágúst 1943, var Axel Herskind, forstjóri, Hringbraut 64, Rvík, kosinn í stjórn félagsins vegna fráfalls Þórarins

271 Kristjánssonar, hafnarstjóra. Varastjórnandi var jafnframt kosinn Oddur Thorarensen, Sóleyjargötu 11, Rvík. Undirskrift formanns, Stefáns Thorarensen, og meðstjórnanda, Axels Herskind, er þannig:

H/f Týli
Stefán Thorarensen. A. Herskind.
Reykjavík, 25. ágúst 1943.
Í stjórn H/f Týli
Stefán Thorarensen. A. Herskind. Lárus Fjeldsted.

79. Á aðalfundi, sem haldinn var í Blaðaútgáfunni Vísi h/f 31. marz 1943, var ákveðið að auka hlutafé félagsins um kr. 30000.00, þannig, að hlutaféð verði samtals kr. 90000 — níutíu þúsundir króna. Var og ákveðið, að um sölu hinna nýju hluta skyldi fara samkvæmt 4. gr. félagslaganna. Hlutafé félagsins, ásamt aukningunni, er allt innborgað.

Reykjavík, 25. ágúst 1943.
Í stjórn Blaðaútgáfunnar Vísis h/f
Björn Ólafsson. Kristján Guðlaugsson. Jakob Möller.

80. Það tilkynnist hér með, að Hallgrími Sveinssyni, Stýrimannastíg 2 í Reykjavík, hefur verið veitt prókúruumboð fyrir Almennar tryggingar h.f. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Almennar tryggingar h/f
Hallgr. Sveinsson.
Reykjavík, 27. ágúst 1943.
Almennar tryggingar h.f.
Carl Olsen. Sig. Jónsson. G. Guðjónsson.
Gunnar Einarsson. Pétur Guðmundsson.

81. Á fundi í Heildsölunni h.f., 9. þ. m., var sú breyting samþykkt á tilgangi félagsins, að framvegis megi það reka smásöluverzlun.

Reykjavík, 9. sept. 1943.
Í stjórn Heildsölunnar h.f.
Hans R. Þórðarson. Ólafur Jónsson.

82. Á fundi í Electric h.f., 9. þ. m., var sú breyting samþykkt á tilgangi félagsins, að framvegis megi það reka smásöluverzlun.

Reykjavík, 9. sept. 1943.
Í stjórn Electric h.f.
Hans R. Þórðarson. Ólafur Jónsson.

83. Með því að firmað Tóbak og sælgæti er lagt niður, óskast það afmáð úr firmaskránni.

Reykjavík, 14. sept. 1943.
f. h. Ásu Jóhannsdóttur
Sigurj. Guðmundsson,
e. u.

84. Þar sem firmað Speglagerðin, er á sínum tíma var stofnað, er runnið inn í h.f. Glerslípun og speglagerð, Klapparstíg 16, Reykjavík (framkvst. Ludvig Storr), óskast hið fyrrnefnda firma afmáð úr firmaskrá. 271

Reykjavík, 16. sept. 1943.
Ludvig Storr.

85. Á aðalfundi h/f Sæfara, 18. apríl 1942, voru gerðar þessar breytingar á lögum félagsins: Hlutafé félagsins er kr. 60500 — sextíu þúsund og fimm hundruð krónur, og skiptist í 1000 kr. og 100 kr hluti. Eitt atkvæði er fyrir hverjar 100 krónur, en þó má enginn hluthafi fara með meira en $\frac{1}{5}$ hluta atkvæða. Stjórn félagsins skipa þrír hluthafar, og tveir til vara. Hlutaféð er allt innborgað.

Á aðalfundi 14. maí 1943 voru þessir menn kosnir í stjórn: Geir Sigurðsson, skipstjóri, Vesturgötu 26 A, Reykjavík, formaður, Björn Hansson, skipstjóri, Sjafnargötu 10, Rvík, varaformaður, og er hann jafnframt framkvæmdastjóri með prókúruumboði, og Ámundi Geirsson, verzlm., Vesturgötu 26 A, ritari. Varastjórnendur: Magnús Geirsson, sjómaður, Vesturgötu 26 A, Rvík, og Elín Guðmundsdóttir, frú, Sjafnargötu 10, Reykjavík. Prókúruhafinn ritar firmað þannig:

pr. pr. h.f. Sæfari
Björn Hansson.
Reykjavík, 25. sept. 1943.
Stjórn h.f. Sæfara
Geir Sigurðsson. Björn Hansson. Ámundi Geirsson.

86. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á hluthafafundi í h.f. Sæfara, 24. sept. þ. á., þar sem mættir voru hluthafar og umboðsmenn fyrir allt hlutaféð, var samþykkt í einu hljóði að flytja heimilisfang félagsins til Seyðisfjarðar. Á stjórnarfundi sama dag var samþykkt að afturkalla prókúruumboð Ámunda Geirssonar.

Samkvæmt þessu óskast hlutafélagið Sæfari afmáð úr hlutfélagaskrá Reykjavíkur og flutt til Seyðisfjarðar.

Reykjavík, 27. sept. 1943.
Geir Sigurðsson. Björn Hansson. Magnús Geirsson, (varastjórnandi).

87. Á stjórnarfundi Síldariðjunnar h/f, 25. sept. 1943, var ákveðið að veita Magna Guðmundssyni, Laugavegi 11, Reykjavík, prókúruumboð fyrir félagið. Prókúruhafi undirritar þannig:

p. p. Síldariðjan h.f.
Magni Guðmundsson.
Reykjavík, 25. sept. 1943.
Síldariðjan h.f.
Páll Þorkelsson. Brandur Búason.

88. Það tilkynnist hér með, að Gerði Gunnars, Laugavegi 19 hér í bænum, hefur verið veitt prókúruumboð fyrir firmað Ingólfsbúð h/f frá og með 15. þ. m., og ritar hún firmað þannig:

pr. pr. Ingólfsbúð h/f
Gerður Gunnars.

271 Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð það, er Tryggvi Pétursson hefur haft fyrir firmað.

Reykjavík, 15. sept. 1943.
Ingólfsbúð h.f.
T. Pétursson. Guðmundur Pétursson Ingibjörg Jónasdóttir.

89. Við undirritaðir rekum smásöluverzlun, heildsölu og iðnað hér í bænum, undir firmanafninu: Regnar Þórðarson og Co. Ragnar Þórðarson, Öldugötu 2, Rvík, ber einn ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans, en Bergþór Smári, Öldugötu 5, ber ábyrgð takmarkaða við framlag sitt, kr. 16000 — sextán þúsundir króna. Ragnar Þórðarson ritar einn firmað, þannig:

Ragnar Þórðarson og Co.
Ragnar Þórðarson.
Reykjavík, 13. sept. 1943.
Ragnar Þórðarson, Öldug. 2, Rvík. Bergþór Smári, Öldug. 5, Rvík.

90. Við undirritaðir rekum tré- og bílasmíði hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Tré- og bílasmiðjan Vagninn. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

Tré- og bílasm. Vagninn
Guðmundur Kristjánsson.
Eiríkur M. Þorsteinsson.
Reykjavík, 7. sept. 1943.
Guðmundur Kristjánsson, Njálsg. 77. Eiríkur M. Þorsteinsson, Hverfisg. 104 A.

91. Á aðalfundi H/f Kol í febr. s.l. var samþykkt að heimila stjórninni að auka hlutfé félagsins, og samkvæmt þeirri heimild hefur hlutaféð nú verið aukið upp í kr. 132000,00 — eitt hundrað þrjátíu og tvö þúsund krónur. Er sú fjárhæð öll innborguð.

Á hluthafafundi 15. ágúst s.l. gengu þeir Haraldur Guðmundsson frá Háeyri, Haukur Þorleifsson og Birgir Thorlacius úr stjórn félagsins, en í þeirra stað voru kosnir: Sveinn B. Valfells, framkvæmdastjóri, Hrefnugötu 2, Þórir Baldvinsson, Vesturási við Kleppsveg, og Kristján Guðmundsson, forstj., Víkurhúsinu við Kleppsveg. Í stað Ragnheiðar S. Þorsteinsdóttur var Páll G. Þormar kjörinn varastjórnandi.

Sveinn B. Valfells hefur verið kosinn formaður hinnar nýju stjórnar. Rita stjórnendur nöfn sín þannig:

Sveinn B. Valfells.
Þórir Baldvinsson.
Kr. Guðmundsson.

Varastjórnandi ritar:

Páll G. Þormar.

Hinn 1. sept. 1943 lét Haraldur Guðmundsson af framkvæmdastjórn félagsins og féll samtímis úr gildi prókúruumboð hans fyrir félagið. Frá sama degi hefur Jón B. Valfells verið ráðinn framkvæmdastjóri félagsins með prókúruumboði. Ritar hann nafn sitt þannig:

pr. pr. H/f Kol
Jón B. Valfells.
Reykjavík, 25. sept. 1943.
Stjórn H/f Kol
Sveinn B. Valfells. Þórir Baldvinsson. Kr. Guðmundsson.

92. Með því að firmað Kústa- og burstagerðin, sem tilkynnt var til firmaskrár Reykjavíkur 6. júní 1941, er hætt störfum, óskast það afmáð úr firmaskránni. 271

Reykjavík, 16. sept. 1943.

Óskar G. Sigurðsson. Sigþór Sigurðsson. Guðm. Jóhannsson.

93. Með því að Alþýðuhús Reykjavíkur h/f hefur yfirtekið rekstur þann, sem tilkynntur var á sínum tíma til firmaskrár Reykjavíkur undir firmanafninu: Alþýðuhúsið Iðnó — Útibú Ingólfscafé, er þess óskað, að þetta firma verði afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 22. sept. 1943.

Sigurjón Á. Ólafsson. Haraldur Pétursson. Jón Guðlaugsson.
Sig. Ólafsson. Sigríður Ólafsdóttir.

94. Ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, með alls konar herra- og sportvörur, undir nafninu Herrabúðin. Firmað rita ég þannig:

Herrabúðin
Ólafur Sigurðsson.

Reykjavík, 8. okt. 1943.

Ólafur Sigurðsson,
Þingholtsstræti 34, Rvík.

95. Með því að ég er hættur rekstri firmans Kápunnar, óskast það afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 8. okt. 1943.

Ólafur Sigurðsson.

96. Þar sem við undirrtaðir erum hættir að reka firmað Kjötsöluna, óskast firmanafn þetta afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 8. okt. 1943.

Sig. Ó. Steindórsson. Ól. Bjarnason.

97. Hér með afturkallast prókúruumboð það, sem Njáll Þórarinsson, Freyjugötu 5, Rvík, hefur haft fyrir mig.

Reykjavík, 8. okt. 1943.

Guðm. Jónsson.

98. Á félagsfundi hlutafélagsins Skinfaxa, hinn 7. sept. s.l., var ákveðið að auka hlutaféð um kr. 15000, og er hlutaféð nú kr. 45000 — fjörutíu og fimm þúsundir króna. Hlutafjáraukningin er öll innborguð.

Reykjavík, 4. okt. 1943.

Jónas Ásgrímsson. Finnur B. Kristjánsson. Hannes Jónsson.

99. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að Gunnar Hall, til heimilis á Víðimel 64 hér í bænum, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri fyrir hluta-

271 félagið Ragnar H. Blöndal frá og með 1. þ. m., og var honum jafnframt veitt prókúruumboð. Gunnar Hall ritar firmað þannig:

pr. pr. Ragnar H. Blöndal h/f
Gunnar Hall.

Reykjavík, 7. okt. 1943.
Ilse Blöndal. Axel Blöndal.

100. Á fundi í h.f. Kol, 26. sept. s.l., var ákveðið að flytja heimilisfang félagsins að Tindum á Skarðsströnd í Dalasýslu. Óskast félagið því strikað út úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur og flutt samkvæmt framangreindri ákvörðun.

Reykjavík, 26. okt. 1943.
Stjórn h.f. Kol
Sveinn B. Valfells. Þórir Baldvinsson. Kr. Guðmundsson.

101. Á fundi í Sanitas h.f. í Reykjavík, 9. okt. s.l., var sú breyting samþykkt á tilgangi félagsins, að félagið skuli einnig reka heildverzlun.

Reykjavík, 15. okt. 1943.
Sigurður Waage. Matthías Waage.

102. Stjórn hlutafélagsins Hamars hefur í dag veitt Jóni Gunnarssyni, skrifstofustjóra, Laufásvegi 54, Rvík, prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Hlutafélagið Hamar
Jón Gunnarsson.

Reykjavík, 12. okt. 1943.
H/f Hamar
Hjalti Jónsson. Steindór Gunnarsson. Geir G. Zoëga.

103. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að undirritaður Guðmundur Gunnlaugsson, prentari, Barónsstíg 11, Reykjavík, er genginn úr firmanu Prentsmiðjunni Viðey, Reykjavík, en meðundirritaður, Bjarni Jóhannesson, Vífilsgötu 20, rekur fyrirtækið sem einkaeigandi með ótakmarkaðri ábyrgð.

Reykjavík, 18. okt. 1943.
Bjarni J. Jóhannesson. Guðm. Gunnlaugsson.

104. Pöntunarfélagið, er stofnað var 22. febr. 1936, hefur aldrei tekið til starfa. Óskast það strikað út úr firmaskránni.

Reykjavík, 16. okt. 1943.
Þorl. Andrésson, Ásvg. 14. Sæmundur Sæmundsson, Grettisg. 14. Bergur Sturlaugsson, Skeggjag. 3.

105. Í forföllum mínum gef ég dóttur minni, Guðríði Mýrdal, Baldursgötu 31, Rvík, prókúruumboð fyrir verzlun mína á Skólavörðustíg 4, og hefur hún öll rétt-

indi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42, frá 13. nóv. 1903. Firmað ritar hún þannig: 271

pr. pr. Verzlun Steinunnar Mýrdal.
Guðríður Mýrdal.
Reykjavík, 20. okt. 1943.
Steinunn Mýrdal,
Baldursg. 31.

106. Ég undirrituð held áfram sem áður að reka verzlun hér í bænum undir nafni manns míns sáluga, Benónýs Benónýssonar. Verzlunina rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð, og rita ég firmað þannig:

Verzlunin Benóný Benónýsson.
Halldóra Jakobsdóttir.
Reykjavík, 25. október 1943.
Halldóra Jakobsdóttir,
Miðstræti 5, Rvík.

107. Með því að verzlunin Austurhlíð hér í bænum er hætt, þá óskast hún afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 25. okt. 1943.
Guðjón Bjarnason.

108. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð, Ólöf Björnsdóttir, Túngötu 38, Reykjavík, sem sit í óskiptu búi eftir mann minn, Pétur Halldórsson, rek áfram Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, ásamt útibúinu Bókabúð Austurbæjar B. S. E., með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar
Ólöf Björnsdóttir.
Bókabúð Austurbæjar B. S. E.
(útibú Bókav. Sigf. Eymundssonar)
Ólöf Björnsdóttir.

Prókúruhafi er Björn Pétursson, Hringbraut 203, Reykjavík, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar
Björn Pétursson.
p. p. Bókabúð Austurbæjar B. S. E.
(útibú Bókav. Sigf. Eymundssonar)
Björn Pétursson.
Reykjavík, 27. okt. 1943.
Ólöf Björnsdóttir.

109. Við höfum selt þeim Ragnheiði Pálsdóttur, Bragagötu 32, og Sveinbjörgu Vilhjálmsdóttur, Meðalholti 21, fyrirtækið Sokkaviðgerðina, og reka þær firmað framvegis fyrir sinn reikning og á sína ábyrgð. Allar skuldbindingar firmans hér eftir eru okkur því óviðkomandi.

Reykjavík, 13. okt. 1943.
O. B. Arnar. K. M. Arnar.

271 Samkvæmt ofanrituðu höfum við keypt Sokkaviðgerðina, og rekum hana framvegis með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað ritum við þannig:

Sokkaviðgerðin
Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir.
Ragnheiður Pálsdóttir.

Reykjavík, 14. okt. 1943.

Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir. Ragnheiður Pálsdóttir.

110. Með því að firmað Ásbjörn & Sofus er hætt störfum, óskast það afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 18. okt. 1943.

Sófus Jacobsen, Bárug. 34. Ásbjörn O. Jónsson, Hringbr. 145.

111. Við höfum selt Verzlunina Vísi, ásamt útibúi, þeim Lúðvíki Th. Þorgeirssyni, kaupm., Bergstaðastræti 71, Guðmundi Halldórssyni, framkvstj., Laugavegi 130, og Sigurbirni Björnssyni, kaupm., Grettisgötu 4 B, og reka þeir Verzlunina Vísi, og útibú, framvegis undir sama nafni, en á sína ábyrgð. Allar skuldbingar, sem þeir kunna að gera í nafni firmans, eru okkur því óviðkomandi.

Reykjavík, 1. júní 1943.

Guðm. Ásbjörnsson. Sigurbjörn Þorkelsson.

Samkvæmt ofanrituðu höfum við undirritaðir keypt Verzlunina Vísi, ásamt útibúi, og rekum við hana framvegis undir sama nafni og á okkar ábyrgð. Firmað ritum við allir sameiginlega, þannig:

Verzlunin Vísir
Guðm. Halldórsson.
Sigurbj. Björnsson.
Lúðvík Thorberg Þorgeirsson.

Framkvæmdarstjóri verzlunarinnar er Lúðvík Th. Þorgeirsson, og ritar hann firmað þannig sem prókúruhafi:

pr. pr. Verzlunin Vísir
Lúðvík Thorberg Þorgeirsson.

Reykjavík, 5. sept. 1943.

Lúðvík Thorberg Þorgeirsson. Sigurbjörn Björnsson. Guðm. Halldórsson.

112. Daníel Bernhöft og Sigurður Bergsson, bakarameistarar, reka framvegis sem fullábyrgir félagar Bernhöftsbakarí hér í bænum undir því firmanafni. Hvor þeirra um sig ritar firmað þannig:

Bernhöftsbakarí
D. Bernhöft.
Bernhöftsbakarí
Sig. Bergsson.

Reykjavík, 5. nóv. 1943.

D. Bernhöft, Bergststr. 14. Sig. Bergsson, Bókhlöðust. 6 C.

113. Ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, **271**
